

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 17. mars 2017 í máli nr. S-921/2016:

Ákærvaldið

(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari)

gegn

Sigurði Dalmann Áslaugarsyni

(Unnsteinn Örn Elvarsson, hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 24. febrúar sl., er höfðað með ákæru útgefni af héraðssaksóknara 18. nóvember 2016 á hendur Sigurði Dalmann Áslaugarsyni, Blikahólum 8, Reykjavík, fyrir hegningarlaga brot, framín á árunum 2011 til 2014, gegn unnusta hans, X, sem hér greinir:

1. Brot gegn blygðunarsemi X, með því að hafa, á ótilgreindum tíma, að þáverandi heimili ákærða að Höfðabakka 1 í Reykjavík, tekið upp myndband af X og ákærða sjálfum að stunda kynmök, án vitundar X, en ákærði greindi X fyrst frá myndbandinu í skilaboðum á samskiptavefnum Facebook þann 1. maí 2012.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Hótanir og brot gegn blygðunarsemi X, í skilaboðum til hans á Facebook, í maí 2012, sem hér greinir:

1) Þann 1. maí sent honum mynd sem sýndi ákærða og X nakta að stunda kynmök og skrifað: „þú veist vel hvaðan þetta er!! og í hvaða skipti.. ég á þetta live allt saman.. 10 mín myndband, búinn að vera með camerur síðan það var ráðist inn heim til mín... ég á 4 myndbönd sem ég hef geymt af okkur, ef að ég þyrfti að nýta þau einhvern tímann!! ég mun ekki gera það ef að ég fæ allt það sem ég hef latið þig fá tilbaka, og að þú hafi samband á næstu 18 tímum! [...] hafðu samband ég er með gott mail til að byrja á síðan fer þetta á netið, mér er slétt sama hver sér mig nakinn, ég er gay.. þú ekki.. svo segirðu.. hafðu samband klarum þetta og það verður ekkert úr þessu.. ég mun þá eyða þessu öllu.... ég stend við mitt like always! sagði orðrétt við þig að ég gæti gert þitt líf dásamlegt eða hreint ömurlegt.. ekki leika leiki við mig X. hringdu 18 tímar þú ert með númerið mitt...“,

2) Þann 1. maí skrifað: „[...] ef að þú eyðir mér úaf fb.. þá fer þetta líka á netið.. hafðu samband, ræðum þetta og málið dautt, mín þolinmæi er á þrotum!! þú vissir það vel... 17 og halfur timi.. ekki viltu að mbj.. fái að sjá

þetta... eða einhverjir aðrir eg hef engu að tapa X minn...“

- 3) Þann 2. maí skrifað: „ég póstaði myndinni á vegginn þinn í nokkrar sekúndur, það var allt og sumt. eyddi henni síðan strax út.. það er þegar reiðin tekur yfir.. ég væri búinn að henda þessu á netið ef að reiðin í mér væri enn jafn mikil.. er þó að búast við að þú hringir. ef að símtalið kemur ekki þá veistu að þetta sé til. og hvað verður síðan er eitthvað sem þu getur ekki vitað, enn ég vill klára þetta í góðu enn ekki svona.“
- 4) Þann 2. maí skrifað: „[...] þá er nú gott að hafa þetta undir höndum.. ég mun birta þetta X, ef þú finnur það ekki hjá mér að tala við mig á annan hátt enn á facebook [...]“
- 5) Þann 4. maí skrifað: „[...] Hver veit nema að ég fái mér um helgina! að fikillinn komi upp hjá mér!ef að ég yrði eitthvað þreyttur á að bíða enn og aftur eftir símtali! og að ég verði reiður og geri einhverja vitleysu með þetta aftur... og þá jafnvel láti myndbandið sjálfst fara á netið! Það sem er komið á netið fer ekki af því aftur! [...] ef að ég þekki sjálfan mig rétt, þá myndi ég láta myndbandið flakka á netið í einhverju reiðiskasti! ef að ég væri að fá mér [...]“
- 6) Þann 4. maí skrifað: „[...] og þegar maður er reiður að nota fíkniefni.. þá er það ekki sniðug blanda eins og þú veist sjálfur! maður er ekkert að spá í afleiðingarnar sem síðan fylgja.. eins og ég sagði það sem er komið á netið helst á netinu.. Ég treysti á það að þú hringir“
- 7) Þann 12. maí sent X aðra mynd sem sýndi ákærða og X nakta að stunda kynmök og skrifað: „að sjalfsögðu helt eg eftir copy.. eg var að sverja upp a grof ommu að það væui ekki fleiri myndbond her i ibuðinni a þo alltaf eitt i bankaholfinu hja mer.. sem enginn kemst i nema EG [...] hvað heldurðu svo að gerist þegar að min reiði fari alveg a fullt ??.. og eg á þetta enn til....“
Telst þetta varða við 233. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga.

3. Hótanir í tölvupóstum til X í ágúst 2013, sem hér greinir:

- 1) Þann 26. ágúst skrifað: „Þú ert með greiðslusamning sem að ég ætlast til að verði staðið við! [...] ef að þér sé annt um sjálfan þig,þína vini og ekki síst þína fjölskyldu þá stendurðu við þennan samning, þessi samningur mun elta þig til ársins 2015. þú veist fullvel að þú munt ekki getað verið með þinni family á jólum,þáskum,afmælum eða neinu öðrum fjölskylduboðum í friði ef að þú borgar ekki! því að þeir munu og vilja fá þetta borgað, það er auðvelt að nálgast þetta, eins og um áramótin hjá frænku þinni á langholtsveginum eða bara um jólin upp í reyrengei eða þá hjá sunnu upp í perform,síðan ömmubakstur, og á þá vinnustaði sem þú munt vinna á! Ekki

gleyma að við fáum ALLTAF upplýsingar um það hvar þig er að finna! Það verða farnar allar leiðir til að fá þetta borgað, það koma vextir ef að það verður ekki borgað. [...] það verður enginn staður sem þú ert öruggur á meðan þú borgar ekki, þú hefur séð og hitt mína menn. Þeir svífast einskis, á meðan þeir hafa go on hjá mér, þá skipti ég mér ekki af því hvað verður gert við þig eða þína nánustu. [...]"

- 2) Þann 29. ágúst skrifað: „[...] Það er eins og þú sért að kalla yfir þig óöryggi og ótta, getur aldrei verið viss hver er á eftir þér, hver mun koma inn um hurðina hjá þér þennan dag eða hinn, eða inn um hurðina hjá vinum þínum eða fjölskyldu. Getur aldrei verið viss um að það sé verið að stilla þér upp, eða að þú verður laminn eða rukkaður þar sem þú sést. Það verður enginn staður sem að þú getur verið öruggur á því að menn finnast alltaf. Ég gaf þér séns til að tala við mig X minn, þú vonandi mannst hvað gerðist þá þegar þú gerðir það ekki! [...] Talaðu við mig áður enn það verður óbærilegt að getað farið útúr húsi, hugsandi um það hver sé á eftir þér þú villt ekki vera fastur í andlegu fangelsi.“

,Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga.

4. Brot gegn blygðunarsemi X og dreifingu kláms, með því að hafa, á ótilgreindum tímum, sent annars vegar A mynd af X og ákærða nöktum að stunda kynmök, og hins vegar B myndasyrpu af hinu sama.

Telst þetta varða við 209. gr. og 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga.

5. Brot gegn blygðunarsemi X, sem þá hafði slitið sambandinu við ákærða, með því að hafa með póstsendingu, með póstarsítu dagsettri 25. febrúar 2014, sent unnustu X, C, á heimili hennar, minnislykil með sjö myndum af X nöktum að stunda kynmök með ákærða, þrjár útprentaðar myndir sem sýndu hið sama, óundirritað og ódagsett bréf þar sem hann meðal annars lýsti X sem óheiðarlegum og óáreiðanlegum, vísaði í myndirnar og kynlífsmyndband af ákærða og X, sem hann sagði hvort tveggja vera á netinu, staðhæfði að X hefði stundað kynlíf með ákærða á sama tíma og hann var í sambandi með C og ýjaði að því að X væri með kynsjúkdóm. Auk þessa sendi ákærði með sendingunni útprentanir af sjö flugmiðum milli Reykjavíkur og Akureyrar á nafni X á tímabilinu 15. nóvember 2013 til 15. janúar 2014, þar sem ákærði er tilgreindur sem greiddandi, ljósrit af sex handrituðum og ódagsettum einkabréfum X til ákærða og útprentanir af fimmtán einkatölvupóstum X til ákærða, dagsettum á tímabilinu 30. ágúst til 19. desember 2013, en bréfin og tölvupóstana hafði X sent ákærða þegar ákærði afplánaði fangelsisrefsingu í fangelsunum á Litla-

Hrauni og Akureyri.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

6. Stórfelldar ærumeiðingar gegn X, sem á tímabilinu var maki hans og síðar fyrrum maki, með því að hafa með þeirri háttsemi, sem lýst er í ákæruliðum 1-5, ítrekað móðgað og smánað X.

Telst þetta varða við 233. gr. b almennra hegningarlaga.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu brotaþola er krafist miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 2.000.000 krónur, auk vaxta, skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 1. júní 2012 þar til mánuður er liðinn frá því ákærða var kynnt bótakrafan, en dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 9. gr. sömu laga. Þá er krafist greiðslu þóknunar réttargæslumanns úr hendi ákærða.

Verjandi ákærða krefst sýknu og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Til vara er krafist vægustu refsingar er lög leyfa og að skaðabætur verði lækkaðar.

Mánudaginn 14. febrúar 2014 mætti brotaþoli á lögreglustöð og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot og brot gegn friðhelgi einkalífs. Við það tækifæri greindi brotaþoli frá þeim atvikum málsins að hann hafi kynnst ákærða í mars 2011. Brotaþoli hafi á þeim tíma notað fíkniefni og verið kominn í skuld vegna þess. Brotaþoli hafi ákveðið að bjóða fram kynferðislega þjónustu gegn greiðslu til að greiða skuldina. Hafi hann þekkt til ákærða og vitað að ákærði væri samkynhneigður. Brotaþoli hafi boðið ákærða kynlífsþjónustu gegn því að fá í staðinn greiðslu sem hann hafi ætlað að nota til að greiða fíkniefnaskuldina. Ákærði hafi þekkt boðið og brotaþoli sofði hjá honum. Hafi þeir stundað kynmök saman. Á þessum tíma hafi brotaþoli átt kærustu. Tíminn hafi liðið og brotaþoli verið í sambandi við ákærða og ekki losnað frá honum. Hafi hann þurft að halda sambandinu við ákærða leyndu fyrir kærustu sinni, auk þess sem ákærði hafi ekki mátt vita af sambandinu við kærustuna. Þannig hafi tímar liðið og ákærði orðið ástfanginn af brotaþola. Brotaþoli hafi ekki losnað úr aðstæðunum þar sem ákærði hafi sagt að brotaþoli skuldaði honum vegna fíkniefnaskuldarinnar. Síðan hafi hann sagt brotaþola að hann hefði tekið kynmök þeirra upp á myndband. Hann hafi sýnt brotaþola myndir því til staðfestingar og hafi brotaþola brugðið mikið. Ákærði hafi síðan hótað því að dreifa efninu ef brotaþoli héldi ekki áfram að hitta sig. Þannig hafi tímar liðið og brotaþoli verið í sífelldum ótta. Ákærði hafi sent brotaþola ýmis skilaboð á fésbókinni og í gegnum tölvupóst. Að endingu hafi myndefnið farið í

umferð og ákærði hafi dreift því. Ákærði hafi farið í afplánun á árinu 2013. Í byrjun árs 2014 hafi brotþoli loksins náð að slíta sambandi sínu við ákærða, sem enn hafi verið í afplánun. Það hafi gerst í kjölfar þess að ákærði hafi sent þáverandi kærustu brotþola myndir af kynmökum ákærða og brotþola og ýmis önnur gögn um samskipti þeirra. Brotþoli hafi þá verið hættur neyslu fíkniefna, en í gegnum það ferli hafi honum orðið enn ljósara hversu alvarlega ákærði hefði brotið gegn sér með hótunum um dreifingu myndefnis með kynmökum þeirra og síðan með því að dreifa efninu. Hafi brotþoli eftir sendingu efnisins til kærustunnar tekið ákvörðun um að kæra ákærða til lögreglu.

Er brotþoli lagði fram kæru hjá lögreglu afhenti hann nokkurt magn gagna um samskipti sín við ákærða í gegnum tölvupóst og fésbókina. Þá afhenti hann lögreglu umslag er ákærði hafði sent þáverandi kærustu brotþola þar sem var að finna afrit af samskiptum ákærða og brotþola og minnislykil sem sýndi þá stunda kynmök. Í kjölfar kæru brotþola voru teknar skýrslur af ákærða og vitnum. Ákærði afhenti lögreglu einnig nokkurt magn gagna um samskipti sín við brotþola. Á meðal rannsóknargagna málsins eru útskriftir af fésbókarsamskiptum ákærða og brotþola sem ákært er fyrir í málinu. Að auki eru útskriftir af tölvupóstum á milli þeirra, minnislykill með myndskaiði og myndir er sýna þá stunda kynmök.

Við aðalmeðferð málsins gáfu ákærði og brotþoli skýrslur fyrir dóminum. Að auki gáfu skýrslur tvær fyrrum kærustur brotþola, móðir ákærða og systir, fangavörður og tveir einstaklingar er ákærði og brotþoli áttu samskipti við á þeim tíma er sakarefni samkvæmt ákæru áttu sér stað.

Ákærði hefur lýst atvikum svo að hann hafi kynnst brotþola á árinu 2011. Báðir hafi þeir verið í neyslu á þeim tíma og hafi þeir „djammað“ saman. Í þessum fyrstu kynnum þeirra hafi brotþoli stundum komið heim til ákærða og þeir haft kynmök. Samband ákærða og brotþola hafi þróast upp frá þessu. Ákærði hafi tekið á sínum málum og farið í meðferð 2012 vegna fíkniefnaneyslu sinnar. Brotþoli hafi á þessum tíma verið í sambandi með D. Ákærði og brotþoli hafi eytt miklum tíma saman. Brotþoli hafi flutt inn til ákærða og þeir búið saman á fleiri en einum stað eftir því sem ákærði hafi flutt á milli staða. Þannig hafi brotþoli í fyrstu flutt heim til ákærða er ákærði hafi búið heima hjá móður sinni í Hveragerði. Þaðan hafi þeir flutt í Norðlingaholt þar sem þeir hafi búið, ásamt yngri systur ákærða. Síðar hafi þeir flutt inn á Langholtsveg þar sem þeir hafi leigt íbúð. D hafi slitið sambandi sínu við brotþola er hún hafi frétt af sambandi hans og ákærða. Það hafi verið á árinu 2012. Á þeim tíma er ákærði og brotþoli hafi búið saman hafi þeir gert flest eins og önnur pör. Þeir hafi t.a.m. farið í bíó saman og út að borða. Eins

hafi þeir farið saman til útlanda. Þeir hafi á þessum sambúðartíma stundað kynlíf. Kvaðst ákærði hafa staðið í þeirri trú að samband þeirra snérist um meira en kynlíf en ákærði hafi verið ástfanginn af brotþola. Ákærði kvaðst hafa fengið dóm fyrir rán og farið í afplánun á dómi fyrir það brot í apríl 2013. Á þeim tíma hafi ákærði og brotþoli búið saman inni á Langholtsvegi. Er ákærði hafi farið í afplánun hafi brotþoli áfram búið í íbúðinni. Ákærði hafi afplánað dóm sinn á Litla-Hrauni, í kvennafangelsinu í Kópavogi og síðan farið norður til Akureyrar þar sem hann hafi afplánað restina af dómnum. Brotþoli hafi margsinnis heimsótt ákærða í fangelsið, bæði fyrir sunnan og fyrir norðan.

Í febrúar 2014 hafi brotþoli hringt í ákærða í fangelsið á Akureyri og slitið sambandi þeirra. Ákærða hafi fundist þetta skrátið og það hafi verið erfitt að eiga við það. Sambandsslit hafi ekki legið í loftinu. Samband ákærða og brotþola hafi á tíðum verið stormasamt. 2012 hafi ákærði verið hættur í neyslu en brotþoli hafi notað fikniefni. Á þessum tíma hafi móðir ákærða verið veik og systir hans barnshafandi. Það hafi verið erfitt að vera með brotþola í neyslu, við þessar aðstæður, og mikið álag hafi verið á heimilinu. Brotþoli hafi farið í meðferð á árinu 2012 en hætt í henni undir lok meðferðarinnar. Ákærði hafi reynt að ná til hans varðandi neysluna og oft þurft að vera ákveðinn við hann. Ákærði hafi reynt allt í þeirri viðleitni og stundum notað svokallaða öfuga sálfræði sem falist hafi í því að vera grimmur við hann og leiða honum þannig fyrir sjónir hvar hann væri að lenda. Ákærði kvaðst þrátt fyrir þetta aldrei hafa beitt brotþola kúgun af neinu tagi eða hótad honum. Þá hafi ákærði á engan hátt stefnt að því að meiða æru brotþola eða særa blygðunarsemi hans. Allt hafi verið gert til að reyna að fá brotþola til að hætta neyslu.

Að því er 1. tl. ákærunnar varðaði hafi ákærði, með samþykki brotþola, tekið upp myndband af þeim stunda kynmök. Ef horft sé á myndbandið megi sjá brotþola horfa í myndavélina. Hann hafi því vitað af upptökunni. Myndbandið hafi verið tekið á árinu 2012. Myndbandið hafi verið einhvers konar fantasía en brotþoli hafi viljað að þeir tækju upp kynmök. Ákærði kvaðst hafa lagt myndbandið fram hjá lögreglu. Hann hafi ekki dreift því.

Að því er hótanir samkvæmt 1. lið 2. tl. ákæru varðaði hafi ákærði sent brotþola skilaboð á fésbókinni 1. maí 2012. Kvaðst ákærði kannast við þessi skrif sem sín. Á þessum tíma hafi brotþoli verið í neyslu fikniefna og strokið að heiman. Ákærði hafi reynt að fá hann heim og beitt hann þessari öfugu sálfræði í þeim tilgangi. Það myndband sem vísað sé til í skilaboðunum sé myndband sem brotþoli hafi vitað um. Ákærði hafi aldrei dreift þessu myndbandi heldur hafi hann látið lögreglunni það í té. Að því er skilaboð í 2. lið 2. tl. ákæru varðaði væri sama staða uppi. Brotþoli hafi vitað um myndbandið og ákærði ekki sett það á netið eða

ætlað að gera það. Að því er varðaði 3. lið 2. t. þá hafi ákærði verið að beita brotþola öfugri sálfræði. Á þessum tíma hafi brotþoli enn verið í sambandi við D og ákærði vísað til hennar í skilaboðunum. Ákærði kvaðst hafa verið óhress með brotþola á þessum tíma og hafa greitt ýmislegt fyrir hann en brotþoli ekki viljað svara honum. Hann hafi skrifað þetta til að fá brotþola til að hafa samband við sig en þetta hafi ekki verið hótun í garð brotþola. Hann kvaðst ekki muna hvort hann hafi í raun sett myndina á vegginn í nokkrar sekúndur, svo sem hann hefði sagt að hann myndi gera. Varðandi 4. - 6. lið 2. t. hafi margt verið í gangi á þessum tíma. Móðir ákærða hafi verið veik og komið nálægt fæðingu hjá systur hans. Það hafi komið mjög illa við fjölskylduna að brotþoli skyldi vera í neyslu fíkniefna og ákærði hafi gert allt til að koma honum á rétt ról aftur. Það hafi aldrei staðið til að gera það sem vísað væri til í þessum tölulíðum ákæru og hann hafi einfaldlega verið að reyna að fá brotþola til að hafa samband og opna augu hans fyrir því hvernig fyrir honum væri komið. Að því er 7. lið 2. t. ákæru varðaði hafi ástandið verið sem áður og ákærði verið að reyna að fá brotþola til að koma heim. Engar eiginlegar hótanir hafi legið að baki þessum skilaboðum eða öðrum samkvæmt 2. t. ákæru.

Ákærði kvaðst á þeim tíma er þeir hafi verið saman oft hafa látið brotþola fá peninga. Einhverju sinni hafi verið gerður samningur þeirra á milli um þessi peningalán. Það hafi verið um eins konar sáttmála að ræða, en aldrei hafi staðið til að innheimta hann. Samningurinn hafi verið skriflegur og kveðið á um endurgreiðslur ef brotþoli og ákærðu slitu sambandi sínu. Á þessum tíma hafi ákærði og brotþoli búið inni á Langholtsvegi og móðir ákærða verið mjög veik. Í ágúst 2013 hafi ákærði verið í afplánun á Litla-Hrauni. Þrátt fyrir þessi skilaboð sem fram kæmu í 1. lið 3. t. ákæru hafi aldrei staðið til innheimta þennan samning. Ákærði hafi sem fyrr verið að beita brotþola öfugri sálfræði. Ákærði hafi aldrei ætlað að senda einhverja menn á eftir honum. Það sama ætti við um tilvik samkvæmt 2. lið 3. t. ákæru. Ekki hafi verið um hótun að ræða heldur hafi ákærði verið að reyna að aðstoða fíkil og reynt að ná brotþola aftur á rétta braut.

Brotþoli hafi skuldað B peninga vegna fíkniefnakaupa. Ákærði hafi greitt eitthvað af skuld hans við B, en B hafi verið kunningi þeirra beggja. Ákærði kvaðst ekki hafa sent B myndir af sér og brotþola í kynmökum, svo sem honum væri gefið að sök í 4. t. ákæru en það væri ekki útilokað að hann hefði sagt B að hann ætti slíkar myndir. Ákærði kvaðst hins vegar ekki muna hvort hann hefði sent A slíkar myndir. Er ákærða var bent á að hann hefði játað það hjá lögreglu kvað hann það geta verð rétt. Ákærði kvaðst muna eftir því að A hafi sýnt D slíkar myndir og hafi D í framhaldi dreift þeim um netið. Ástæða þess að ákærði hafi sent þessar myndir hafi verið sú að hann hafi verið að reyna að ná til brotþola. Ákærði kvaðst

hafa ítrekað við A að hann léti ekki myndirnar frá sér.

Að því er 5. tl. ákæru varðar kvaðst ákærði hafa verið í afplánun í fangelsinu á Akureyri er brotþoli hafi í febrúar 2014 hringt í ákærða og endað samband þeirra. Ákærði kvaðst í framhaldi af því hafa tekið saman ýmis gögn um samband sitt og brotþola. Þar hafi verið um að ræða minnislykil með myndum af brotþola nöktum í kynmökum við ákærða, bréf er ákærði hafi ritað með lýsingum af brotþola, afrit af flugmiðum er brotþoli hafi komið og heimsótt hann í fangelsið fyrir norðan og afrit af einkabréfum og tölvupóstum á milli þeirra. Er ákærði og brotþoli hafi hafið samband sitt hafi brotþoli verið í sambandi með D. Er brotþoli hafi hætt með ákærða hafi brotþoli verið að kynnast stelpu, C. Fyrir ákærða hafi vakað að láta C vita um hvers konar mann brotþoli hefði að geyma. Hann hafi sjálfur verið í andlegu ójafnvægi á þessum tíma eftir sambandsslitin og fundist rétt að gera þetta. Hafi þetta verið eins konar örþrifarád af hans hálfu. Hann hafi ekki verið að hefna sín á brotþola, smána hann eða lítillækka. Honum hafi heldur ekki fundist sem hann væri að brjóta trúnað gagnvart brotþola með sendingunni. Hann kvaðst ekki myndi hafa gert þetta með sama hætti í dag. Líf hans hafi einfaldlega verið í rúst á þessum tímum. Umfjöllun dagblaðs hafi haft ömurleg áhrif á líf ákærða og hafi hann af þeim ástæðum orðið að flytja til útlanda að afplánun lokinni. Ákærði kvaðst ekki hafa stefnt að því að meiða æru, móðga eða smána brotþola með þeirri háttsemi sem lýst væri í öllum liðum ákæru.

Brotþoli kvaðst hafa kynnst ákærða á árinu 2011 í gegnum systur ákærða, sem hann hafi þekkt. Brotþoli hafi notað fíkniefni á þessum tíma og ákærði átt efni. Hafi þeir neytt fíkniefna saman. Vegna neyslu sinnar hafi brotþoli skuldað B peninga, sem hann hafi fengið að láni hjá honum. Upphæðin hafi ekki verið há, sennilega um 40.000 krónur og hafi brotþoli beðið ákærða að hjálpa sér við að greiða skuldina. Hann hafi svarað því þannig að það yrði að koma greiði fyrir greiða. Honum hafi verið ljóst hvað það þýddi, en hann hafi vitað að ákærði væri samkynhneigður. Eftir umhugsun hafi hann ákveðið að fá peninga frá ákærða og eiga við hann kynmök í staðinn. Tíminn hafi liðið og ákærði látið hann fá peninga og skartgrip í staðinn fyrir kynmök. Ákærði hafi þó ekki greitt upp skuld hans við B og þannig hafi hann haldið brotþola í þeirri stöðu að hann hafi ekki getað annað en stundað kynmök áfram með ákærða. Með tímanum hafi ákærði litið svo á að þeir væru í sambandi. Brotþola hafi hins vegar fundist hann vera í andlegu fangelsi. Ákærði hafi sífellt verið að tala um endurgreiðslu á láninu og brotþola fundist hann vera fastur. Þannig hafi hlutirnir gengið áfram. Einhverju sinni hafi ákærði síðan hringt og sagt að hann væri með svolítið er hann vildi sýna honum. Brotþoli hafi farið heim til hans, þar sem ákærði sýndi honum myndskaið af sér og brotþola í kynmökum. Brotþoli hafi ekki vitað af því að hann hefði tekið kynmök

þeirra upp á myndband. Ákærði hafi sagt að myndbandið væri til öryggis og til að tryggja að brotþoli myndi hitta hann áfram. Er þarna var komið hafi brotþoli verið kominn í eins konar feluleik. Ákærði hafi verið hrifinn af brotþola og brotþoli ekkert getað gert vegna myndbandsins. Hafi hann því oft brugðið á það ráð að láta sig hverfa. Til tryggingar peningaskuldinni hafi ákærði látið brotþola undirrita skuldarviðurkenningu.

Fyrst þegar brotþoli hafi kynnst ákærða hafi brotþoli verið í sambandi með D. Ákærði hafi ekki þolað það og brotþoli reynt að halda tengslum þeirra leyndum fyrir honum. Það hafi ekki tekist og þess vegna hafi ákærði sent myndir, af sér og brotþola að stunda kynlíf, til vina brotþola, A og B. Ákærði hafi einnig sett þessar myndir inn á fésbókarvegginn sinn í stuttan tíma. Það hafi orðið til þess að myndskreiðið hafi farið hratt um internetið. D hafi séð myndirnar og orðið brjáluð. Ákærði hafi farið í afplánun. Hann hafi krafist þess að brotþoli svaraði sér í síma og þá jafnan hringt í heimasíma. Hann hafi krafist þess að brotþoli skrifaði undir skuldasamning. Þetta hafi gengið svo langt að ákærði hafi sent einhverja menn á eftir brotþola til að gera honum ljósan alvarleika málsins. Þetta hafi allt verið gert í þeim tilgangi að hóta brotþola og hræða hann til áframhaldandi sambands við ákærða. Brotþola hafi liðið eins og hann væri fastur og gæti ekkert gert. Á meðan ákærði hafi búið í Hveragerði hafi brotþoli oft verið heima hjá ákærða. Hann hafi svo ætlað að leigja með systur hans þegar hún hafi tekið á leigu íbúð í Norðlingaholti. Ákærði hafi einnig viljað komast þar inn og brotþoli leyft honum að gista. Þetta hafi svo orðið að rútínu. Á meðan þessu hafi farið fram hafi ákærði þó ekki staðið við sinn hlut af samkomulaginu. Hann hafi aldrei að fullu gert upp skuldina við B þrátt fyrir að brotþoli hafi staðið við sitt og veitt ákærða kynlíf gegn greiðslu skuldarinnar. Brotþoli kvaðst aldrei hafa litið svo á að hann væri í sambandi með ákærða. Hann hafi verið þvingaður inn í þessar aðstæður. Að baki hafi legið þessi ógn um að myndband af kynmökum þeirra færi á netið. Brotþoli hafi skammast sín mikið vegna alls þessa, en þessu hafi fylgt mikil skömm. Ákærði hafi gengið svo langt að hann hafi farið að hóta vinum brotþola. Brotþoli hafi tekið ákvörðun um að vera meira heima hjá ákærða og borða þar, þar sem hann hafi ekki getað hugsað sér að láta aðra sjá þá saman úti. Þeir hafi meira að segja farið saman til útlanda, en brotþoli hafi í tvígang farið með ákærða til London.

Brotþoli kvaðst ekki hafa vitað af því er ákærði tók upp kynmök þeirra samkvæmt 1. tl. ákæru. Það hafi ekki verið með vilja hans gert. Ákærði hafi sagt honum eftir á að það væri ekki ólöglegt að taka þetta upp ef efninu væri ekki dreift. Hann kvaðst hafa fengið sjökk og liðið mjög illa er hann hafi áttað sig á því að ákærði væri með þetta myndband og ekki treyst ákærða. Honum hafi fundist ákærði

brjóta gegn sér með því að taka myndbandið upp. Að því er varðaði 1. til 7. lið 2. tl. ákæru þá kvaðst brotaþoli hafa látið sig hverfa í maí 2012, eins og hann hafi stundum gert. Ákærði hafi sent honum hótanir til að fá hann til að koma aftur. Í þessari atrennu hafi ákærði sent B og A myndband af kynmökum þeirra. Brotaþoli kvað sér hafa liðið mjög illa vegna alls þessa. Hann hafi vitað að hætta væri á að ákærði myndi láta verða af hótunum sínum. Brotaþoli kvaðst hafa lagt fram tölvupósta hjá lögreglu, frá því í lok ágúst 2013, er ákærði hafi sent honum og ákært væri fyrir í 3. tl. ákæru. Þar hafi komið fram upplýsingar um greiðslusamninginn. Póstarnir hafi valdið honum vanlíðan og á þessum tíma hafi hann ekki treyst sér út úr húsi. Hann hafi upplifað efni póstanna sem hótanir og kúgun. Á þessum tíma hafi tveir menn, sem ákærði hafi sent á eftir brotaþola og hétu E og F, verið að leita að brotaþola.

Að því er varðaði 4. tl. ákæru hafi ákærði sent mynd, á B og A, af ákærða og brotaþola að stunda kynlíf. B hafi tjáð brotaþola að hann hefði fengið myndskreiðið frá ákærða og yrði því dreift ef brotaþoli myndi ekki gera upp skuld sína. Brotaþoli kvaðst í framhaldi hafa gert upp skuldina við B. A hafi sagt brotaþola að hann hefði fengið mynd af kynmökum ákærða og brotaþola. Brotaþola hafi brugðið mikið en þetta hafi staðfest að myndin hafi verið komin í umferð. Brotaþoli hafi á þessum tíma verið búinn að vera edrú í hálf til eitt ár. Hann kvaðst hafa afhent gögn samkvæmt 5. tl. ákæru er hann hafi lagt fram kæru, en það hafi verið daginn eftir að ákærði hafi sent C pakka með efni um ákærða og brotaþola. C hafi þá verið farin að heyra einhverjar sögur um þá. Er póstsendingin hafi borist C hafi brotaþoli sennilega verið í sturtu. C hafi tekið við pakknum, opnað hann og séð allt sem í honum var. Gögn þessi hafi stafað frá fáránlegu tímabili í lífi brotaþola. Hafi hann verið fastur í þessu sambandi við ákærða og þurft að senda honum tölvupósta og skrifa honum á fésbókinni. Þetta hafi hann gert af ótta við að ákærði myndi ella dreifa efni um kynmök þeirra. Brotaþoli kvaðst hafa skrifað ákærða á innilegum nótum þar sem það hafi ákærði viljað heyra. Að öðrum kosti myndi brotaþoli hljóta verra af. Brotaþoli hafi farið í meðferð vegna fíknivandans og í tengslum við AA fundi kynnst C. Eftir þessa póstsendingu ákærða hafi brotaþoli tekið ákvörðun um að slíta endanlega sambandinu við ákærða og kæra hann til lögreglu. Hafi hann notið stuðnings frá svonefndum „sponsorum“ í tengslum við fundi í AA. Þar hafi aðrir lýst svipaðri lífsreynslu, að hafa fengið greitt fyrir kynlíf og verða síðan fastir í vítahring sem þeir kæmust ekki út úr. C hafi orðið ólétt eftir brotaþola. Hafi þau verið áfram saman um hríð en sambandi þeirra lokið á árinu 2016. C hafi reynt að horfa fram hjá þessum kafla í lífi brotaþola en þetta hafi alltaf fylgt þeim og verið þeim erfitt. Ákærði hafi móðgað brotaþola og smánað með þeim samskiptum þeirra á milli er hann hafi sent öðrum. Sennilega hafi ákærði

verið ástfanginn af brotþola en það hafi ekki verið gagnkvæmt. Brotþoli hafi leitað til ákærða til að losna undan skuld en setið fastur, þrátt fyrir að hafa staðið við sinn hluta af samningnum.

D kvaðst hafa verið kærasta brotþola í um tvö ár. Í upphafi sambands þeirra hafi hún ekki þekkt ákærða eða vitað af honum. Einhverju síðar hafi hún hitt ákærða. Hafi brotþoli skýrt það þannig að ákærði væri vinur sinn. Upp frá þessu hafi það oft gerst að ákærði hafi hringt í brotþola. Hafi aðstaðan verið sérkennileg og brotþoli og D orðið að láta líta út fyrir að D væri ekki á staðnum. Á þessum tíma hafi ákærði og brotþoli í tvígang farið til London saman. Hafi brotþoli talað um að ferðirnar væru vinnuferðir. Henni hafi þó fundist sérkennilegt að brotþoli og ákærði væru þetta góðir vinir, en D hafi vitað til þess að ákærði væri samkynhneigður. Síðar hafi D farið að heyra utan að sér að ákærði elskaði brotþola en brotþoli ekki viljað við það kannast. Það hafi hins vegar verið sérkennilegt í þessu öllu að ákærði hafi farið að hóta D og sífellt verið að hringja heim í brotþola. Brotþoli hafi á þessum tíma notað fíkniefni og D frétt að ákærði væri að kaupa fíkniefni fyrir brotþola. Hún hafi síðan orðið þess áskynja að það væri eins og þau væru þrjú saman. Hún og brotþoli hafi t.a.m. verið með samskonar hring og hún síðar séð að ákærði var með samskonar hring. Þá hafi brotþoli farið að segja henni meira af ákærða. Hafi hann sagt að hann skuldaði ákærða peninga og kæmist því ekki frá honum. Síðan hafi D farið að sjá tölvupósta þar sem kynlífi á milli ákærða og brotþola hafi verið lýst. Hafi hún þá áttað sig á því að brotþoli hafi logið að henni allan tímann og að þeir hafi í raun verið í sambandi. Um líkt leyti hafi hún séð mynd sem hafi staðfest þetta en þar hafi ákærði og brotþoli verið í kynmökum. D hafi frétt að ákærði hafi sett myndina á netið og myndin farið um allt. Hafi hún ekki getað meir og slitið sambandi sínu við brotþola.

C kvaðst hafa byrjað með brotþola í janúar 2014. Þau hafi kynnst í eins konar kirkjustarfi eða söfnuði. Í upphafi hafi hún ekki mikið velt fyrir sér fortíð hans. Hún hafi því ekki vitað af sambandi brotþola og ákærða. Síðar hafi brotþoli farið að segja henni lítillaga frá ákærða og að ákærði væri með tók á honum frá því í fortíðinni. Væri brotþoli að reyna að komast undan ákærða. Hann hafi almennt ekki viljað ræða þessa hluti mikið. Hann hafi í tvígang farið til Akureyrar í flugi og sagt að ferðirnar tengdust viðskiptum. Hlutirnir hafi gerst hratt og brotþoli flutt inn til C. Um það leiti hafi hún orðið ólétt af barni þeirra. Í febrúar 2014 hafi C fengið umslag í pósti. Kvaðst hún telja að brotþoli hafi ekki verið á staðnum er hún hafi tekið við umslaginu. Hún hafi opnað það og séð minnislykil sem hafi haft að geyma myndir af ákærða og brotþola í kynmökum, bréf sem lýst hafi brotþola sem óheiðarlegum og óáreiðanlegum, auk tölvupósta og útskrifta af fésbókinni. Hún

hafi fengið sjokk við að sjá þessi gögn en hún hafi skoðað þau öll. Brotapoli hafi orðið sár yfir því að hún skyldi hafa skoðað gögnin og liðið illa vegna þessa. Málið hafi haft áhrif á samband þeirra og hún farið að taka meira eftir því hve brotinn einstaklingur brotapoli í rauninni var. Hann hafi meira rætt tilfinningar sínar og líðan eftir þetta. Þau hafi að lokum farið sitt í hvora áttina en í mars 2016 hafi þau slitið sambandinu. C hafi verið farin að fá hótanir frá ákærða og heyrð slúður um sig utan úr bæ. Hafi ákærði hótad því að segja frá hlutum. Hafi hann t.a.m. sent henni SMS þar sem hann hafi lýst því að hann væri í fangelsi fyrir norðan með manni sem sakfelldur hefði verið fyrir kynferðisbrot gagnvart C og þeir væru að hlæja að þeim.

B kvaðst hafa þekkt brotapola frá fyrri tíma, en hann hafi einnig þekkt ákærða. B hafi á sínum tíma lánað brotapola pening. Hafi ákærði á þeim tíma rætt um að brotapoli skuldaði sér einnig peninga. Ákærði hafi einhverju síðar sent B myndband og því fylgt þau skilaboð að B mætti gera við það hvað sem hann vildi. B hafi skoðað myndbandið og séð ákærða og brotapola í kynmökum. B kvaðst hafa sýnt D myndbandið en að öðru leyti ekkert gert meira með það. Hafi D brugðist mjög illa við. Kvaðst B hafa sýnt D myndskaiðið til að hefna sín á brotapola vegna skuldarinnar. Brotapoli hafi seinna haft samband og sagt að hann vildi gera upp skuldir sínar við B. Hafi það gengið eftir. Ákærði hafi hins vegar ekkert greitt af skuldum brotapola við B. Ákærði hafi sett myndina á fésbókina. Hafi hann sagt að brotapoli hafi stungið sig í bakið. Hafi ákærði ætlað að dreifa myndum af brotapola ef hann greiddi ekki skuld sína til baka.

A kvaðst hafa þekkt brotapola frá æsku. Ákærða hafi B síðar kynnst í gegnum brotapola. Inn í hópinn hafi einnig komið yngri systir ákærða og hafi þau öll verið mikið saman. A hafi vitað til þess að ákærði hafi boðið yngri drengjum kynlíf gegn greiðslu. Hann hafi m.a. farið þess á leit við A að hann myndi hafa kynmök við sig fyrir pening. A hafi ekki fallist á það. Einhverju síðar hafi ákærði sent A mynd á fésbókinni þar sem ákærði og brotapoli voru í kynmökum. Brotapoli hafi þá verið í sambandi með D og ákærði sagt að hann ætlaði að eyðileggja líf brotapola og stúlkunnar eða samband þeirra. Hafi A brugðið við þessa sendingu og ekki vitað hvað hann ætti að gera. Þessi mynd sem ákærði hafi sent A hafi síðar farið í dreifingu en A hafi séð hana á netinu. Hann hafi ekki vitað hver hefði dreift myndinni, en mjög margir hefðu dreift henni áfram eftir að hún fór í loftið. Myndin hafi verið sett á netið í gegnum falskan notanda. Hann kvaðst viss um að ákærði hafi verið þessi falski notandi þar sem tilvísun í ákærða hafi komið fram á síðunni. A hafi ætlað að finna síðuna aftur síðar en þá hafi verið búið að blokka hana. Ákærði hafi ekki farið þess á leit við A að hann dreifði myndinni. Hann hafi beðið A um að dreifa henni ekki strax en að ákærði ætlaði að dreifa henni sjálfur. A kvað

brotapola aldrei hafa opnað sig um samband sitt og ákærða. Hann hafi skynjað að brotapolí vildi ekki tala um það og að brotapolí væri hræddur við ákærða.

Móðir ákærða kvað brotapolá hafa flutt inn til ákærða á meðan ákærði hafi búið á heimili móður sinnar. Hafi henni fundist samband ákærða og brotapolá vera eðlilegt og eins og um par væri að ræða. Þeir hafi deilt saman rúmi og virst vera hamingjusamt par. Þegar ákærði hafi farið í afplánun hafi brotapolí búið áfram inni á heimilinu. Brotapolí hafi verið í neyslu fíkniefna og átt það til að láta sig hverfa þegar svo hafi háttað til. Ekki hafi móðirin orðið vörn við neinar hótanir eða þvinganir af hálfu ákærða gagnvart brotapolá.

Systir brotapolá kvaðst um tíma hafa búið í sömu íbúð og ákærði og brotapolí. Hafi þeir deilt rúmi og hún litið svo á að um ástarsamband væri að ræða þeirra á milli. Er ákærði hafi afplánað dóm í fangelsinu á Akureyri hafi hún ekið brotapolá út á flugvöll til að hann næði flugi til Akureyrar. Henni hafi fundist samband ákærða og brotapolá jákvætt.

Fyrir dóminn kom **fangavörður** úr fangelsinu á Akureyri. Hann lýsti því að ákærði hafi verið í afplánun fyrir norðan. Brotapolí hafi komið og heimsótt ákærða í fangelsið. Fangavörðurinn hafi ekki orðið var við neins konar þvingun af hálfu ákærða gagnvart brotapolá.

Niðurstæða:

Ákærða eru í máli þessu gefnar að sök hótanir, brot gegn blygðunarsemi, dreifing kláms og stórfelldar ærumeiðingar gagnvart brotapolá á árunum 2011 til 2014. Er brotum ákærða lýst í tölulíðum 1 til 6. Ákærði neitar sök samkvæmt öllum líðum ákæru. Kveðst hann hafa kynnst brotapolá á árinu 2011 og þeir verið í ástarsambandi allt þar til brotapolí hafi slitið sambandinu í febrúar 2014 er hann hafi verið í afplánun í fangelsinu á Akureyri. Ákærði hefur lýst sambandi sínu við brotapolá þannig að það hafi á köflum verið erfitt. Brotapolí hafi að mestu búið heima hjá honum. Í upphafi sambands þeirra hafi þeir báðir notað fíkniefni. Ákærða hafi tekist að ná tökum á neyslunni og hætt henni. Brotapolí hafi hins vegar ekki hætt í neyslu. Það hafi leitt til þess að oft hafi ákærði þurft að nota svokallaða öfuga sálfræði á brotapolá. Hann hafi þurft að vera ákveðinn og beita brotapolá mikilli ákveðni til að ná sambandi við hann, en brotapolí hafi oft strokið að heiman. Beri samskipti á milli ákærða og brotapolá, sem fram komi í gögnum málsins og ákært er fyrir í málinu, þessa merki. Í engu tilviki hafi ákærði samt sem áður, í raun og veru, verið að hóta brotapolá illu. Einungis hafi vakað fyrir ákærða að fá brotapolá til að hafa samband og koma aftur heim.

Brotapolí hefur lýst sambandi sínu og ákærða á þann hátt að til þess hafi verið stofnað með því að ákærði hafi greitt honum fyrir kynmök. Brotapolí hafi

verið kominn í skuld vegna fikniefnakaupa og leitað til ákærða með að greiða fyrir sig skuldina gegn því að brotþoli hefði við hann kynmök. Brotþoli hafi staðið við sinn hlut en ákærði ekki. Þar sem ákærði hafi ekki greitt skuldina fyrir hann hafi hann neyðst til að vera áfram með honum og stunda með honum kynmök. Síðan hafi ákærði tekið kynmök þeirra upp á myndband án þess að brotþoli hafi vitað um og hótad honum því að dreifa efninu ef hann héldi ekki áfram að hitta sig. Þannig hafi brotþoli verið fastur í aðstæðum og ekki losnað frá ákærða. Hafi ákærði haldið honum í þessum aðstæðum allt þar til brotþoli hafi ákveðið að ljúka sambandinu í febrúar 2014. Brotþoli hafi þá verið búinn að taka á sínum málum og í gegnum AA samtökin fundið styrk til þess, en þar hafi hann áttað sig á því að fleiri en hann væru í svipuðum vandræðum, að hafa fengið greitt fyrir kynmök en sitja síðan fastir í aðstæðunum.

Fyrir dóminn komu nokkur vitni. Þeirra á meðal voru fyrrum kærustur brotþola. Lýstu þær því báðar hvernig brotþoli hafi haldið sambandi sínu við ákærða leyndu fyrir þeim. Hafi það ekki verið fyrr en ákærði eða vinir ákærða hafi sýnt þeim myndir af brotþola og ákærða í kynmökum að þær áttuðu sig á sambandi ákærða og brotþola. Lýstu þær því báðar að brotþoli hafi átt mjög erfitt í sambandi sínu við ákærða, en ákærði hafi virst hafa tök á honum. Fyrir dóminn komu einnig A og B. Báru þeir báðir að ákærði hefði sent þeim myndir af ákærða og brotþola í kynmökum. Bar B jafnframt að ákærði hefði sagt við sig að gera það sem hann vildi við myndina. Kvaðst B hafa sýnt þáverandi kærustu brotþola myndina í þeim tilgangi að hefna sín á brotþola, en brotþoli hafi ekki verið búinn að gera upp við sig skuld sína við hann. A og B lýstu því báðir að þessar myndir hafi komist í umferð á netinu, án þess að þeir hafi dreift þeim. Báru þeir báðir að ákærði hefði dreift myndunum.

1.tl. ákæru

Í 1. tl. ákæru er ákærða gefið að sök að hafa tekið upp myndband af ákærða og brotþola í kynmökum, án vitundar brotþola, og að hafa greint brotþola frá myndbandinu í skilaboðum á fésbókinni 1. maí 2012. Ákærði kveður brotþola hafa vitað af upptökunni og lagt hana til.

Ákærði sendi brotþola skilaboð á fésbókinni í maí 2012, en skilaboð þessi koma meðal annars fram í 1. til 7. kafla 2. tl. ákæru, sem rakið verður síðar. Í skilaboðum 1. maí 2012 rekur ákærði að hann sé búinn að vera með myndavélar og að hann eigi þetta efni allt. Hafi hann geymt efnið ef hann þyrfti að nýta það einhvern tímann. Viti brotþoli vel hvaðan efnið sé. Brotþoli svarar ákærða næsta dag og segir meðal annars að það hafi verið „sjúkt“ af ákærða að taka kynmökina upp. Brotþoli kom fyrir dóminn og lýsti því að hann hafi ekki vitað af því að ákærði

hafi tekið kynmökkin upp. Var brotþoli trúverðugur í frásögn sinni fyrir dóminum. Staðhæfing ákærða um að brotþoli hafi vitað af upptökunni er ekki í samræmi við það sem ákærði ritar á fésbókarsíðu brotþola og lýst var hér að framan. Fyrir dómi vísaði ákærði jafnframt til þess að af myndskaiðinu mætti sjá að brotþoli horfi í myndavélina. Það er hins vegar ekki rétt. Með hliðsjón af þessu er ákærði ótrúverðugur um að brotþoli hafi vitað af upptökunni. Verður í niðurstöðu lagt til grundvallar að ákærði hafi tekið myndbandið upp án vitundar brotþola. Með þessari háttsemi sinni braut ákærði gegn blygðunarsemi brotþola. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt þessum lið ákæru og er háttsemin í þessum lið rétt heimfærð til refsíákvæða.

1 til 7 liður 2. tl. ákæru

Ákærða eru í þessum 7 liðum 2. tl. ákæru gefnar að sök hótanir og brot gegn blygðunarsemi brotþola með því að hafa dagana 1. til 12. maí 2012 skrifað brotþola skilaboð og sent honum mynd af ákærða og brotþola nöktum stunda kynmök. Ákærði neitar sök. Af svari hans fyrir dóminum verður ráðið að hann viðurkenni að hafa skrifað þessi skilaboð. Hann kveðst ekki hafa verið að hóta brotþola eða brjóta gegn blygðunarsemi hans. Fyrir ákærða hafi vakað að fá brotþola, sem hafi verið í stroki að heiman, til að hafa samband við sig.

Brotþoli kom fyrir dóminn og lýsti því hvernig hann hafi upplifað skrif ákærða sem hótanir, auk þess sem skilaboðin og myndin af ákærða og brotþola í kynmökum hafi sært blygðunarsemi hans. Var brotþoli trúverðugur í frásögn fyrir dóminum. Í skilaboðunum öllum hótar ákærði því að setja myndina á netið. Í einum skilaboðunum lýsir hann því að hann hafi sett myndina á vegg brotþola í nokkrar sekúndur. Samrýmist það framburðum vitna í málinu sem lýstu því að mynd af ákærða og brotþola stunda kynmök hafi farið á örskotsstundu um allt netið. Hafi fjöldi manns séð myndina, þ.á m. vitnin. Fyrir dóminum kvaðst ákærði ekki viss hvort hann hafi sett myndina í raun og veru á netið í nokkrar sekúndur.

Þegar skilaboðin samkvæmt liðum 1 til 7 eru virt og hliðsjón höfð af framburðum vitna sem segjast hafa séð þessa mynd á internetinu er sannað að ákærði hafi með skilaboðunum hótad brotþola og brotið gegn blygðunarsemi hans. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt öllum liðum 2. tl. ákæru og er háttsemin hans rétt heimfærð til refsíákvæða hvað þetta varðar í ákæru.

1 og 2 liður 3. tl. ákæru

Ákærða eru í þessum tveimur liðum ákæru gefnar að sök hótanir gagnvart brotþola. Ákærði hefur lýst því að ákærði og brotþoli hafi ritað undir samninga vegna skuldar brotþola við ákærða. Hafi samningarnir, sem ákærði vilji kalla sáttmála, kveðið á um endurgreiðslur. Brotþoli lýsti því hvernig ákærði hafi útbúið þessa samninga til að knýja á um að brotþoli héldi sambandi sínu við ákærða. Ummæli þau sem fram koma í 1. og 2. lið 3. tl. ákæru eru hótanir gagnvart brotþola. Lýsti brotþoli því fyrir dómnum að hann hafi upplifað þessi skilaboð sem hótanir, en ákærði hafi sent menn á eftir sér til að tryggja að hann stæði við samninga. Með hliðsjón af þessu verður ákærði sakfelldur fyrir hótanir samkvæmt þessum liðum ákæru og er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

4. tl.

Ákærða er í þessum tölulið gefið að sök brot gegn blygðunarsemi brotþola og dreifingu kláms með því að hafa sent A og B myndasyrpu af ákærða og brotþola nöktum að stunda kynmök. Ákærði hefur viðurkennt að hafa sent A umræddar myndir. Hann synjar hins vegar fyrir að hafa sent B þessar myndir. A kom fyrir dómnum og staðfesti að ákærði hafi sent sér myndirnar. Það sama gerði B. Kvaðst B jafnframt hafa sýnt D þessar myndir til að hefna sín á brotþola, svo sem fyrr var rakið. Fyrir dómnum staðfesti D að hafa séð mynd af ákærða og brotþola í kynmökum. Með þessu er sannað að ákærði hafi bæði sent A og B myndina.

Mynd sú sem ákærði sendi A og B er klám í skilningi 2. mgr. 2010. gr. laga nr. 19/1940. Með því að senda A og B þessa mynd dreifði ákærði klámi, auk þess að brjóta gegn blygðunarsemi brotþola. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt þessum tölulið ákæru og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

5.tl. ákæru

Í 5. tl. ákæru er ákærða gefið að sök brot gegn blygðunarsemi brotþola með því að hafa sent þáverandi unnustu brotþola, C, minnislykil með sjö myndum af brotþola nöktum stunda kynmök með ákærða, þrjár útprentaðar myndir af því sama, óundirritað bréf þar sem ákærði meðal annars lýsti brotþola sem óheiðarlegum og óáreiðanlegum, vísaði í myndirnar og kynlífsmyndband af ákærða og brotþola, staðhæfði að hafa stundað kynlíf með brotþola á sama tíma og brotþoli var í sambandi með C og að hafa ýjað að því að brotþoli væri með kynsjúkdóm. Að auki sendi ákærði með sendingunni sjö útprentaða flugmiða, ljósrit af sex handrituðum og ódagsettum einkabréfum brotþola til ákærða og útprentanir af fimmtán einkatölvupóstum brotþola til ákærða.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa sent C umrædda póstsendingu. Kveðst hann hafa viljað vara C við brotþola og hvaða mann hann hefði að geyma.

Brotapoli og C komu bæði fyrir dóminn. Lýsti C því að hún hefði opnað umrætt bréf að brotapolu fjarstöddum. Hafi hún séð allt í bréfinu, þ. á m. minnislykilinn með myndum af ákærða og brotapolu, útprentuðu myndirnar og annað í bréfinu. Hafi henni brugðið mikið, en hún hafi á þeim tíma ekki vitað af því að samband ákærða og brotapolu hefði verið þetta náíð. Brotapoli lýsti því fyrir dóminum að mjög hafi tekið á hann er C hafi opnað og lesið efni umræddrar póstsendingar. Hafi honum fundist hann niðurlægður og þetta sært blygðunarsemi hans.

Með hliðsjón af trúverðugum framburði brotapolu, sem stoð fær í vitnisburði þáverandi kærustu hans, er sannað að ákærði hafi sært blygðunarsemi brotapolu með póstsendingu skv. 5. tl. ákæru. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákærinni.

6.tl. ákæru

Ákærða eru í þessum lið gefnar að sök stórfelldar ærumeiðingar gegn brotapolu, sem á tímabili var maki ákærða og síðar fyrrum maki, með þeirri háttsemi sem lýst er í 1.-5. tl. ákæru. Hafi hann ítrekað móðgað og smánað brotapolu. Ákærði neitar sök samkvæmt þessum lið ákæru. Ákærði móðgaði og smánaði brotapolu með þeim hótunum, dreifingu kláms er sýndi brotapolu og þeim blygðunarsemisbrotum gagnvart brotapolu er hann hefur hér að framan verið sakfelldur fyrir. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt þessum tölulið ákæru fyrir stórfelldar ærumeiðingar og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er fæddur í ágúst 1976. Hann á að baki sakaferil, sem nær allt aftur til ársins 1995. Hér er þess einungis getið að ákærði var dæmdur í sekt í héraðsdómi 4. maí 2009 fyrir brot gegn 209. gr. og 3. mgr. 210. gr. laga nr. 19/1940 og barnaverndarlögum. Þá var hann 7. febrúar 2013 dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir rán og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Loks var ákærði 8. maí 2014 dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 3. mgr. 202. gr. laga nr. 19/1940 og áfengislögum. Ákærða var 11. júní 2015 veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar, 390 dögum. Í 5. mgr. 80. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsídóma er nú kveðið á um að unnt sé, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að veita fanga reynslulausn á eftirstöðvum refsingar þó svo hann eigi mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum. Er um breytingu að ræða frá fyrra horfi er föngum var ekki veitt reynslulausn væru mál á hendur þeim til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum. Af því leiddi að ekki var vandkvæðum bundið að kveða á um afplánun eftirstöðva refsinga með sama hætti og um skilorðsrof væri að ræða. Í þessu máli háttar svo til að ákærða var veitt reynslulausn á árinu 2015, þó svo mál brotapolu hafi þá verið til meðferðar hjá lögreglu, en kæra var lögð fram

á árinu 2014. Er því ekki um eiginlegt rof á reynslulausn að ræða þegar ákærði er í þessu máli sakfelldur fyrir kynferðisbrot, hótanir og stórfelldar ærumeiðingar gagnvart brotþola. Á hinn bóginn er til þess að líta að rökleysa felst í því að ákærði sé áfram á reynslulausn samhliða því að honum verður dæmd fangelsisrefsing í máli þessu. Er því óhjákvæmilegt annað en að taka reynslulausnina upp og dæma hana með í máli þessu. Eftirstöðvar refsingar í málinu nema 13 mánuðum.

Brot ákærða nú eru hegningarauki við tvo síðastgreindu dómanna hér að framan og verður refsing ákveðin með hliðsjón af 78. gr., sbr. 77. gr., laga nr. 19/1940. Brot ákærða í máli þessu eru alvarleg. Hótaði hann brotþola því að dreifa myndefni er sýndi hann og ákærða nakta í kynmökum, en myndefnið hafði ákærði tekið upp án vitundar brotþola. Þá sendi hann þetta myndefni á nafngreinda einstaklinga og komust þessar myndir í dreifingu á internetinu í framhaldi. Eykur það mjög á alvarleika verknaðarins að efni sem komist hefur í dreifingu á netinu getur farið mjög víða og er engin leið að vita hvar það er niðurkomið eða hverjir hafa séð það. Það gat ákærða ekki dulist. Ákærði braut gegn blygðunarsemi brotþola með því að dreifa og hóta að dreifa þessu efni, sem og öðru er vörðuðu persónuleg málefni brotþola og hann hafði treyst ákærða fyrir. Þá er til þess að líta að töluverður aðstöðumunur var á ákærða og brotþola. Á ákærði sér engar málsbætur. Með hliðsjón af þessu, sbr. og 1., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 19/1940, er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 2 ár.

Brotþoli krefst miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 2.000.000 króna, auk vaxta. Þó svo ekki liggi fyrir sérfræðileg gögn um líðan brotþola er unnt að slá því föstu að það framferði ákærða að taka upp kynmök ákærða og brotþola, án vitundar brotþola, og að dreifa því, hefur valdið brotþola miklum miska, svo sem hann heldur fram. Svo sem áður var rakið verður böndum ekki komið á slíkt efni eftir að það hefur einu sinni farið í umferð. Var því lýst hér fyrir dómnum að fjöldi manns hefði séð myndefnið. Með hliðsjón af þessu, sbr. 26. gr. laga nr. 50/1993, verður miskabótakrafa brotþola tekin til greina að fullu, ásamt vöxtum sem í dómsorði greinir.

Ákærði greiði sakarkostnað, málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotþola, sem nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari.

Símon Sigvaldason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigurður Dalmann Áslaugarson, sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði greiði X 2.000.000 króna með vöxtum, samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 1. júní 2012 til 7. janúar 2017 en með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 2.847.071 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Unnsteins Arnar Elvarssonar héraðsdómslögmanns, 1.088.565 krónur og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Sonju H. Berndsen héraðsdómslögmanns, 1.455.140 krónur.

Símon Sigvaldason.